



Hristu hópinn saman

Hópa- og árshátíðarferðir VERDI, vor 2024

Óteljandi
valmöguleikar
fyrir þinn hóp





Farðu með hópinn út í heim

Þú ræður ferðinni. Við hjálpum þér að skipuleggja hana.

VERDI ferðaskrifstofa sér um að bóka og skipuleggja hópa- og árshátíðarferðir fyrir minni og stærri hópa.

Við búum yfir mikilli reynslu og undanfarin ár höfum við þjónustað og séð um skipulagningu ferða fyrir litla hópa upp í nokkur hundruð manna fyrirtæki.

Að fara með stóran hóp getur verið mikið þúsluspil. Með okkar reynslu færð þú betra utanumhald og undirbúningurinn verður auðveldari á allan máta.

Meðal þess sem við sjáum um er skipulagning á flugi, gistingu, hátíðarmat, skemmtiatriðum, tækjabúnaði, fararstjórn, skoðunarferðum, ljósmyndun og mörgu fleira.

Við njótum góðs af samböndum út um allan heim og sterkri samningsstöðu. Við gerum hópnum þínum tilboð í ferðina, í heild eða að hluta, og tökum vel í allar fyrirspurnir.

Tilvalið fyrir vinahópa, vinnustaði, matarklúbba, saumaklúbba, félagasamtök, íþróttahópa – eða bara hvað sem er!

Áfangastaðir

Áfangastaðir af öllum gerðum

Hópar hafa ólíkar þarfir og væntingar. Fyrir suma skiptir öllu að flugtíminn sé sem stystur. Fyrir aðra er brottfarartíminn lykilatriði. Enn aðrir vilja bara komast í smá sól — helst eitthvert þar sem bjórinn er ódýr.

Hverjar sem kröfurnar eru, þá finnur þú rétta áfangastaðinn fyrir þinn hóp hjá VERDI.

London (England)

Þessi sögulega borg við ána Thames er ein af máttarstólpum evrópskrar menningar og ferðatíminn er stuttur. London er fullkomin fyrir þau sem vilja versla, skoða sig um eða slaka á yfir ölkru. Þekkt kennileiti eru fleiri en hægt er að telja upp, en af þeim helstu má nefna Buckingham-höll, Big Ben og Tower of London.


Fjöldi brottfarartíma í boði hjá eftirfarandi flugfélögum:

Play

Icelandair

EasyJet

British Airways



2:55
flugtími

Manchester (England)

Stutt flugleiðin gerir Manchester að afar ákjósanlegum kosti fyrir hópa, en þessi lífliga borg er hvað þekktust fyrir árangur sinn á sviði tónlistar og íþróttar. Þar er að finna fjölda verslana, söfn af ýmsum toga og það er aldrei langt í næsta pöbb.

Icelandair

Út alla daga brottfarartími: 08:00

Heim alla daga brottfarartími: 13:05



2:40
flugtími

Brighton (England)

Þessi fallegi strandbær er vinsæll áfangastaður fyrir hópa. Flogið er til London, en rútuferðin til Brighton tekur um klukkustund. Í bænum er allt í góðu göngufæri og þar má finna ótal verslanir, veitingahús, pöbba og fjölbreytta dægradvöl fyrir alla aldurshópa.

Fjöldi brottfarartíma í boði hjá eftirfarandi flugfélögum:

Play

Icelandair

EasyJet

British Airways



2:55
flugtími



Glasgow (Skotland)

Okkar allra stysta flugleið er til stærstu borgar Skotlands, en það hjálpar hópnum þínum að nýta tímann sem best. Í Glasgow má finna verslanir og veitingahús við allra hæfi, sögufrægar byggingar, söfn, pöbba og tónleikastaði. Borgin hefur verið kölluð ein sú vinalegasta í heimi, enda Skotar höfðingjar heim að sækja.

Icelandair

Út **mán** **þri** **fim** **fös** **lau** **sun** brottfarartími: 10:15
Heim **mán** **þri** **fim** **fös** **lau** **sun** brottfarartími: 14:25

Dublin (Írland)



Það tekur örstutta stund að fljúga til höfuðborgar Írlands, en fæstum myndi endast ævin til að upplifa allt það sem Dublin hefur upp á að bjóða. Lifandi tónlist, mikilfengleg mannvirki, úrval veitingastaða og fornfrægar knæpur við hvert fótmál, þar sem vinsælasti drykkur heimamanna, Guinness, rennur ljúft ofan í gestina. Skál í botn!

Play

Út **mán** **mið** **fim** **fös** **sun** brottfarartími: 06:00
Heim **mán** **mið** **fim** **fös** **sun** brottfarartími: 15:55

Icelandair

Út **alla daga** brottfarartími: 07:30
Heim **alla daga** brottfarartími: 12:15



Kaupmannahöfn (Danmörk)

Það er ljúft að heimsækja hina kumpánlegu Kaupmannahöfn, sérstaklega í góðum félagsskap. Þar er bjórinn alltaf ískaldur, ávallt stutt í skemmtilegar verslanir og fyrsta flokks veitingastaði, að ógleymdri hinni heilögu þrenningu: síld, snafs og smørrebrød.

Play

Út **alla daga** brottfarartímar: 06:20
Heim **alla daga** brottfarartímar: 12:30

Icelandair

Út **alla daga** brottfarartímar: 07:45, 10:35 og 15:30
Heim **alla daga** brottfarartímar: 14:05, 16:50 og 21:50

SAS

Út **alla daga** brottfarartímar: 09:55
Heim **alla daga** brottfarartímar: 08:00

Stokkhólmur (Svíþjóð)

Fjölmennasta borg Svíþjóðar er einn stór skemmtistaður, þar sem þinn hópur hefur nóg fyrir stafni frá morgni og langt fram á nótt. En borgin hentar einnig þeim sem kjósa aðeins meiri afslöppun. Framúrstefnuleg byggingarlist, búðir og barir, kaffihús, söfn og almenningsgarðar — þetta finnur þú allt í Stokkhólmi.

Play

Flug hefst í maí

Icelandair

Út **fös** brottfarartími: 7:35 og 10:30
Heim **fös** brottfarartími: 13:50 og 16:40






4:30
flugtími

Lissabon (Portúgal)

Fallegur arkitektúr og litríkar byggingar einkenna höfuðborg Portúgal. Lissabon er líflæg og fjölbreytt borg með íðandi skemmtanálífi fyrir hópinn þinn. Milt veðurfar allt árið.

Play

Út fös lau sun mán brottfarartími: 15:10
Heim fös lau sun mán brottfarartími: 21:40



Porto (Portúgal)

Önnur stærsta borg Portúgal er lokkandi áfangastaður fyrir sælkera og er af mörgum talin bjóða upp á besta mat í Evrópu, auk þess sem portvínið flæðir frá morgni til kvölds. Glæsileg miðborgin er á heimsminjaskrá UNESCO.

Play

Út fim fös lau sun brottfarartími: 14:50
Heim fim fös lau sun brottfarartími: 21:10

4:05
flugtími



4:20
flugtími

Barcelona (Spánn)

Hópurinn á von á góðu í höfuðborg Katalóníu. Tapas og sangríur, ægífögur strandlengja og heillandi arkitektúr er aðeins brotabrot af því sem Barcelona hefur upp á að bjóða, því þessi magnaða miðaldaborg hefur eitthvað fyrir alla. Njótið matarins, menningarinnar og milda veðursins allt árið um kring.


Icelandair

Út mán mið fös brottfarartími: 08:35
Heim mán mið fös brottfarartími: 15:45

Play

Út mán fös brottfarartími: 14:50
Heim mán fös brottfarartími: 22:10

4:20
flugtími



Sitges (Spánn)

Strandbærinn Sitges er vinsæll áfangastaður fyrir hópaferðir, enda hefur bærinn allt til alls, þrátt fyrir smæð sína. Flugið er til Barcelona en það tekur einungis um 40 mínútur að aka til Sitges, þar sem allt er í góðu göngufæri, skemmtistaðir skipta hundruðum og veitingastaði má finna á hverju götuhorni.

Icelandair

Út mán mið fös brottfarartími: 08:35
Heim mán mið fös brottfarartími: 15:45

Play

Út mán fös brottfarartími: 14:50
Heim mán fös brottfarartími: 22:10



Alicante (Spánn)

Ljúffengur matur, svalandi drykkir og fjölbreytt afþreying fyrir alls konar hópa. Gamli bærinn einkennist af litríkum götum og krúttlegum búðum. Fallegar strendur hvert sem litið er og gott hitastig allt árið um kring.

Play

Út **þri** **fim** **lau** brottfarartími: 10:00
Heim **þri** **fim** **lau** brottfarartími: 17:35

Icelandair

Út **fös** **lau** **sun** **mán** brottfarartími: 15:40
Heim **fös** **lau** **sun** **mán** brottfarartími: 13:10

Madrid (Spánn)

Stærsta borg Spánar og sjálf höfuðborgin. Madrid er líflæg menningarborg þar sem hópurinn getur haft nóg fyrir stafni. Litskrúðugt mannlíf, fjölbreyttir veitingastaðir, mathallir, götumarkaðir, listasöfn og hressandi næturlíf eru meðal þess sem þessi sögulega borg hefur upp á að bjóða.

Play

Út **fös** **lau** **sun** **mán** brottfarartími: 15:00
Heim **fös** **lau** **sun** **mán** brottfarartími: 22:25



Malaga (Spánn)

Menningarborgin Malaga er staðsett á Costa del Sol-strandlengjunni og er einna þekktust fyrir að vera fæðingarstaður spænska listmálarans Pablo Picasso. Þessi sólríka borg státar af ógrynni listasafna, fjölbreyttum veitingastöðum og kraftmiklu skemmtanálífi fyrir hópa af öllum gerðum.

Play

Út **þri** brottfarartími: 14:50
Heim **þri** brottfarartími: 17:40

París (Frakkland)

Hina rómantísku höfuðborg Frakklands þarf vart að kynna. Ólíkir borgarhlutar Parísar hafa allir sín sín sérkenni, en sama hvert farið er, þá getur hópurinn notið þess besta sem evrópsk menning hefur að bjóða. Dásamlegur matur, dýrindis vín, bakarí og kaffihús á hverju horni, listasöfn og heimþekkt kennileiti. Þið finnið þetta allt í París.


Icelandair

Út **alla daga** brottfarartímar: 07:40, 10:30 og 16:30
Heim **alla daga** brottfarartímar: 14:05 og 17:00

Play

Út **alla daga** brottfarartímar: 06:00
Heim **alla daga** brottfarartímar: 12:30





4:20
flugtími

Mílanó (Ítalía)

Tískuborgin Mílanó er önnur stærsta borg Ítalíu og þar mun hópurinn þinn hafa nóg við að vera. Einstakur arkitektúr og ógrynni heimsþekkra kennileita, veitingahús í heimsklassa, fjörukt næturlíf, kaffihús á hverju horni og tækifæri til að sjá frægustu listaverk gömlu meistaranna með berum augum.

Wizz Air

Út fös mán brottfarartími: 17:35
Heim fös mán brottfarartími: 14:30

Róm (Ítalía)

Höfuðborg Ítalíu og jafnframt stærsta borgin er heillandi áfangastaður fyrir hópa sem þyrstir í menningu, mannlíf og matargerðarlist í heimsklassa. Borgin er uppfyll af spennandi sögu og hrífandi byggingum sem staðið hafa í aldanna rás. Þá er Róm einstaklega skemmtileg verslunarborg, en „Rómartískan“ er þekkt um víða veröld.


Icelandair

Út mið fös sun brottfarartími: 08:30
Heim mið fös sun brottfarartími: 16:00

Wizz Air

Út fim sun brottför kl. 11:15
Heim fim sun brottför kl. 07:20

4:30
flugtími



3:15
flugtími

Amsterdam (Holland)

Einstök borg sem hefur verið afar vinsæll áfangastaður fyrir hópaferðir frá Íslandi um áratugaskeið, þar sem litríkar byggingar, kaffihús og listasöfn tryggja ljúfar stundir. Steinsnar frá Amsterdam má svo finna borgirnar Rotterdam og Haag, þar sem lífið er ekki síðra.


Fjöldi brottfarartíma í boði hjá eftirfarandi flugfélögum:

Icelandair

Play

Transavia

3:15
flugtími



Haag (Holland)

Þessi gróðursæla strandborg hefur allt til alls fyrir hópinn þinn. Flugð er til Amsterdam, en aksturinn yfir til Haag tekur einungis um 40 mínútur. Margvísleg afþreying er í boði, auk fjölda veitingastaða, kaffihúsa, næturklúbba og verslana af ýmsum toga.

Fjöldi brottfarartíma í boði hjá eftirfarandi flugfélögum:

Icelandair

Play

Transavia



3:35
flugtími

Berlín (Þýskaland)

Að heimsækja þessa stærstu borg Þýskalands er einstök upplifun, þar sem ólíkir menningarheimar mætast með öllum sínum sérkennum. Íðandi mannlíf, matur frá öllum heimshornum, listasöfn, bjórhallir og næturklúbbar sjá til þess að hópnum þínum leiðist aldrei.

Play


Út mán fim fös sun brottfarartími: 05:45

Heim mán fim fös sun brottfarartími: 12:10

Icelandair

Út alla daga brottfarartími: 07:35

Heim alla daga brottfarartími: 14:10



Frankfurt (Þýskaland)


Þrátt fyrir að vera sennilega þekktust fyrir að vera miðstöð fjármála í Þýskalandi, þá er margt skemmtilegt að sjá og gera í Frankfurt. Þessi fallega borg hýsir kynstrin öll af veitingahúsum, skemmtistöðum og knæpum, en til að upplifa hinn sanna anda borgarinnar er mikilvægt að hópurinn skáli að minnsta kosti einu sinni í eplavíninu fráega, á þartilgerðri krá.

Fjöldi brottfarartíma í boði hjá eftirfarandi flugfélögum:

Icelandair

Play

3:40
flugtími



3:40
flugtími

Heidelberg (Þýskaland)


Þessi litla borg þykir ein sú fegursta í gervöllu Þýskalandi. Flugjó er til Frankfurt og tekur einungis um 50 mínútur að aka þaðan til Heidelberg. Smæð borgarinnar gerir hana afar ákjósanlega fyrir hópa, enda auðvelt að fara allra sinna ferða fótgangandi. Nóg er við að vera, hvort sem ætlunin er að skoða glæsileg mannvirki, borða góðan mat eða þamba nokkrar kaldar krúsir.

Fjöldi brottfarartíma í boði hjá eftirfarandi flugfélögum:

Icelandair

Play

3:50
flugtími



Prag (Tékkland)

Höfuðborg Tékklands er oft nefnd fallegasta borg Evrópu, enda flykkjast tókulið frá Hollywood reglulega til Prag til að taka upp senur fyrir stórmyndir. Í borginni finnur hópurinn þinn nóg af veitingastöðum, kaffihúsum og mögnuðum mannvirkjum – og ekki gleyma að skoða eitt helsta tákn borgarinnar, sem er Karlsbrúin tignarlega.

Icelandair


Út fös brottfarartími: 07:20

Heim mán brottfarartími: 14:05

Play

Út fim brottfarartími: 15:00

Heim sun brottfarartími: 21:50



3:35
flugtími

Gdansk (Pólland)

Hafnarborgin Gdansk er ein elsta borg Póllands og vinsæll viðkomustaður ferðalanga allt árið um kring. Borgin geymir mikla sögu og einkennist af fallegri byggingarlist, mögnuðu mannlífi, skemmtilegum götumörkuðum, góðum veitingahúsum og kröftugu næturlífi.

Wizz Air

Út **fös** brottfarartími: 08:35
Heim **sun** brottfarartími: 16:20




Kraká (Pólland)

Ein af elstu borgum Evrópu hefur að geyma mikla sögu, fjölda gamalla bygginga, mikið úrval veitingahúsa og næturlíf sem svíkur engan. Gamli bærinn er gullfallegur og auðvelt er að komast um fótgangandi, verðlag er lágt og Kraká því tilvalin fyrir þöbbaröltið.

Wizz Air

Út **fim** brottfarartími: 19:05
Heim **fim** brottfarartími: 06:05

4:05
flugtími



4:05
flugtími

Varsjá (Pólland)

Gamli og nýi tíminn mætast í höfuðborg Póllands og þar er margt að sjá. Gamli bærinn, sem er á heimsminjaskrá UNESCO, er einstaklega fallegur, en hjarta borgarinnar er torgið Rynek Starego Miasta, sem er umlukkið veitingastöðum, börum og kaffihúsum.

Play Flug hefst í maí

Út **mán** **þri** **mið** **fim** **fös**
Heim **mán** **þri** **mið** **fim** **fös**

3:40
flugtími



Riga (Lettland)

Það mun fara vel um hópinn þinn í höfuðborg Lettlands, þar sem víðs vegar má finna fyrsta flokks veitingastaði, kósí kaffihús, björgarða, götumarkaði og græn svæði. Gamli bærinn í Riga er á heimsminjaskrá UNESCO, en þar er best að komast leiðar sinnar fótgangandi og drekka í sig lettneska menningu.

Air Baltic

Út **fös** brottfarartími: 18:50
Heim **mán** brottfarartími: 07:05



Fjörugir veislustjórar

VERDI sérhæfir sig í því að finna fullkominn veislustjóra sem tekur tillit til þinna þarfa og skilyrða, svo að viðburðurinn þinn heppnist sem allra best.

Framkoma af bestu gerð

VERDI hjálpar þér að finna tilvalið skemmtiatriði fyrir viðburðinn þinn, hvort sem þú vilt fá söngvara, grínista eða annað skemmtiatriði, og sér um að hafa samband við rétta aðila fyrir þig.

Afþreying í þinni borg

VERDI þekkir borgina þína vel og finnur skemmtilega og áhugaverða afþreyingu fyrir hópinn þinn. Við leiðbeinum þér svo hópurinn geti notið ferðarinnar áhyggjulaus.

Hátíðarmatur fyrir þína veislu

VERDI undirbýr ljúffenga veitingaþjónustu fyrir viðburðinn þinn, með tilliti til þinna þarfa. Við sýnum þér bestu möguleikana, svo þú getir valið það sem hentar þér og gestum þínum best.